

Nd.

154. Nefndarálit

[19. mál]

um frv. til laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

Frá 2. minni hl. allsherjarnefndar.

Nefndin hefur haft frv. til athugunar, en ekki orðið til fulls sammála um afgreiðslu þess. Frv. um sams konar efni var af hálfu ríkisstjórnarinnar flutt í neðri deild á síðasta þingi, en náði eigi lengra fram að ganga en til 2. umræðu. Þá fluttum við undirritaðir tvær höfuðbreytingartillögur við frv. Gáfum við út nefndarálit, þar sem við röktum málefni og rökstuddum till. Önnur var sú, að minnst $\frac{3}{4}$ hlutar hlutafjár í hlutafélögum skyldu vera eign íslenskra ríkisborgara. Hin, að ráðherra skyldi því aðeins heimilt að veita undanþágu frá skilyrðum frv., sem talin eru upp í 1. gr., 1.—4. tölulið, að aðili hefði öðlazzt fasteignina við hjúskap eða erfðir. Nú, þegar frv. kemur fyrir þingið í annað sinn, hefur sú breyting verið á gerð, að $\frac{4}{5}$ hlutar hlutafjár í hlutafélagi skuli minnst vera í eign íslenskra ríkisborgara. Er þannig komið vel til móts við tillögu okkar um þetta atriði og er allt gott um það.

Í frv., eins og það liggur fyrir nú, er óbreytt ákvæðið um heimild ráðherra að víkja frá öllum skilyrðum, sem talin eru í 1. gr., 1.—4. tölulið, ef ráðherra sýnist ástæða til. Ekki þurfi ríkisborgararétt til eignar eða afnota fasteignar, ganga megi fram hjá skilyrðinu um lágmark hlutafjäreignar á íslenskra höndum o. s. frv. Okkur þykir sem fyrr þessi óhefta heimild ráðherra fráleit. Mætti eins hugsa sér að hafa engin skilyrði uppi í frv. og láta þessi mál einungis vera á valdi ráðherra til úrlausnar hverju sinni. Við undirritaðir teljum, að löggjafinn hljóti að leggja á það þunga áherzlu, að skilyrðin fyrir þeirri réttindanautn, sem hér ræðir um, svo þýðingarmikil sem þau eru og nauðsynleg, séu fyrir hendi og framkvæmdavaldinu markaður sem þrengstur bás til undanþágu. Standi sérstaklega á og um er að tefla aukna aðstöðu útlendinga til fasteignaréttinda hér á landi, er að okkar áliti sjálfsagt, að það sé fyrst og fremst löggjafans að meta hverju sinni allar aðstæður og þá hagsmuni, sem til staðar eru taldir vera, og ráða fram úr þeim vanda. Þó að hinar Norðurlandabjórðirnar hafi rúmar heimildir um undanþágur úr hendi ráðherra, þegar lögmælt skilyrði eru eigi fyrir hendi, getum við Íslendingar engan veginn fylgt þeirra fordæmi að þessu leyti vegna margvíslegrar sérstöðu okkar.

Við undirritaðir leggjum því til, að ráðherra sé, ef ástæða þykir til, einungis heimilt að veita aðila, sem eigi fullnægir skilyrðunum, leyfi til þess að eiga fasteign, ef þessi aðili hefur eignazzt fasteignina við hjúskap eða erfðir eða öðlazzt fasteignarréttindi fyrir gildistöku laga þessara.

Aðrar tillögur okkar til breytingar á frv. eru til samræmis höfuðbreytingartill. okkar.

Alþingi, 8. des. 1965.

Björn Fr. Björnsson, Skúli Guðmundsson.
frsm.